

Ræða Viðars Þorsteinssonar á Austurvelli 15. nóv 2008

Hvorki náttúruhamfarir né slys

Hvar ber að leita sökudólganna fyrir óförum Íslands? Sumir segja: alþjóðleg fjármálakreppa, og benda á ástandið í nágrannalöndunum. Aðrir segja: Davíð Oddsson, og benda á óstjórnina í Seðlabankanum. Aðrir segja: Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, og benda á spillta einkavæðinguna í valdatíð þeirra. Aðrir segja: Forstjórarnir í bönkunum. Aðrir segja: Hollendingar og Bretar.

Þessi mikli fjöldi sökudólgga gerir Íslendinga ráðvillta. Umræðan hleypur í skotgrafir og sá sem gagnrýnir Davíð getur óvart lent í liði með Kaupþingsforstjóranum Sigurði Einarssyni, og sá sem gagnrýnir Bretta er óvart lentur í liði með Geir Haarde. Margur grandvar Íslendingurinn hefur látið þetta hræða sig frá því að taka fullan þátt í umræðunni um hvað fór úrskeiðis, og þorir jafnvel ekki annað en að taka undir hinn vemmilega söng: „við eigm öll þátt í þessu“, „við erum öll sek“, „við megum ekki persónugera vandann“, og nú síðast: „við skulum bara ‘þjappa okkur saman’ með Bubba í Húsdýragarðinum“.

Íslendingar hafa sannarlega margoft sýnt hve færir þeir eru um óeigingjarna samstöðu, til dæmis þegar náttúruhamfarir eða stórslys ber að garði. Og til eru þær raddir sem krefjast nú slíkrar samstöðu, að okkur beri – af al-íslenskri ósérhlífni – að fylkja okkur saman um ráðamenn, kallana í brúnni, og taka á okkur efnahagslegar byrðar möglunarlaust og jafnvel með sakbitið bros á vor.

En það efnahagslega og pólitíkska gjaldþrot sem nú hefur átt sér stað á Íslandi er hvorki náttúruhamfarir né slys. Það er tilkomið af manna völdum, og er afleiðing af manngerðu, hnattrænu fjármálakerfi – sem íslenskir stjórnámamenn kusu að gera íslenskan efnahag háðan. Það voru menn sem tóku þær ákvardanir, og í nafni hugmyndafræði sem smíðuð var af mönnum. Það er sú hugmyndafræði, það kerfi, og þeir menn, sem bera ábyrgð á því hvernig nú er komið fyrir okkur. Hvergi í heiminum annars staðar en á Íslandi var loftbóla fjármálakerfisins látin vaxa þjóðfélaginu svo mjög yfir höfuð. Hvergi í heiminum var almenningur, vinna hans og sparnaður, notaður af þvílíkri óskammfeilni sem veð til að mylja undir fámennan hót auðmanna.

Almenningur myndi aldrei kjósa yfir sig svo mannfjandsamlega stefnu

Hvernig gerðist þetta? Hvers vegna varð Ísland að tilraunadýri fyrir öfgakenndustu og mannfjandsamlegustu vínsindi nýfrjálshyggjunnar? Í bók sinni The Shock Doctrine bendir Naomi Klein á, að forvígismenn nýfrjálshyggjunnar á síðustu áratugum komu stefnu hennar ávallt í framkvæmd í gegnum bakdýrnar. Hvers vegna? Jú, einfaldlega vegna þess að skammlaus áhersla nýfrjálshyggjunnar á græðgi, sérhægju og eiginhagsmunapot samrýmist einfaldlega ekki siðviti venjulegs fólks. Almenningur myndi aldrei kjósa svo mannfjandsamlega stefnu yfir sig sjálfviljugur, enda hefur hann

augljósan hag af samábyrgð, samhjálp og öflugu velferðarkerfi. Í Chile, fyrsta fórnarlambi nýfrjálshyggjunnar, var tækifærið enda notað að innleiða hana á meðan þjóðin var lömuð eftir ofbeldisfullt valdarán.

Á Íslandi, sem heita á lýðræðisríki, virðist sem frjálshyggjunni hafi verið komið á án blóðugrar bylaningar. En er þar með sagt að fólk ið í landinu hafi nokkurn tímann lagt blessun sína yfir hana? Auðvitað ekki! Meira að segja innan Sjálfstæðisfloksins var þessi stefna tortryggð og olli miklum deilum, og alls staðar annars staðar í þjóðféluginu þótti þessi stefna öfgakennd og naut hverfandi vinsælda. Hvernig tókst stjórnvöldum þá að koma hugmyndum frjálshyggjunnar í framkvæmd, þessum fjarstæðukenndu hugmyndum um ósýnilegar hendur, stækkandi kökur og gróða sem líkt og af sjálfu sér lekur frá kapítalistunum og aftur niður til almennings, hugmyndum sem eru óskiljanlegar í rökleysu sinni og óásættanlegar í siðblindu sinni?

Þetta gerðu íslensk stjórnvöld að sjálfsögðu með sömu aðferðum og þegar þau gerðu Íslendinga að stuðningsmönnum innrásarinnar í Írak – sömu aðferðum og þegar þau framkvæmdu eignarnám á réttinum til fiskveiða og afhenda hann svo klíku útgerðarmanna gjaldfrjálst. Sömu aðferðum og þegar þau fórnuðu íslenskri náttúru í þágu misheppnaðrar byggðastefnu sem erlend álfyrritæki græða fyrst og fremst á. Það er að segja: stjórnvöld beittu þeirri aðferð, sem virðist vera fullboðleg hér á landi – þeirri aðferð að einfaldlega sniðganga gagnrýni og réttmæt sjónarmið stjórnarandstöðu og almennings, og það þótt hreinn og klár meirihluti standi gegn viðkomandi ákvörðun.

Íslensk stjórnvöld eru gjörspillt og umboðslaus

Gjörspillt valdaklíka auðmanna og flokksforingja stjórnar þessu landi. Hér er alls ekkert lýðræði, þrátt fyrir að landið sé kallað þingræðislegt lýðveldi. Ráðherrar og hagsmunahópar skrifa út lögir sem síðan er rennt í gegnum Alþingi á færibandi, dæmdir glæpamenn hljóta náðun hjá vinum sínum í ráðherrasætum og fljúga síðan inn á þing, vinir, synir og ættingjar eru ráðnir í ábyrgðarstöður, og stjórnálamennirnir tala við almenning eins og heimtufrekan krakka þegar óhæfuverkin eru gagnrýnd. Fjölmíðlar sýna síðan sitt rétta andlit þegar þeir taka þátt í að verja siðblind og getulaus stjórnvöld á ögurstundu, og beinlínis ljúga og vísvitandi bjaga frásagnir sínar af friðsamlegum mótmælum hér á Austurvelli fyrir viku síðan.

Íslensk stjórnvöld stunda nú örvaentingarfullar tilraunir til að kría út lán frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, á sama tíma og þau neita að axla ábyrgð vegna Icesave-hneykslisins – sem þau gætu gert með því að framkvæma fjár- og eignarnám hjá hryðjuverkamönnunum í gamla Landsbankanum, nú eða segja af sér. Tilburðir stjórnvalda gagnvart gjaldeyrissjóðnum eru einfaldlega marklausir, jafnvel hlægileg: það er ekki hægt að krefjast réttinda og innheimta aðstoð á alþjóðavettvangi með hægri hendinni, á meðan svikist er undan ábyrgð í milliríkjaskiptum með þeirri vinstri.

„**Að hið íslenska lýðveldi verði stofnað upp á nýtt!**“

Allir aðrir en ríkisstjórnin sjálf virðast átta sig á því, að hún er ekki tekin alvarlega. Vilhjálmur Egilsson lýsir því til að mynda yfir að nauðsynlegt sé að einkavæða ríkisbankana á ný sem fyrst, þar sem eigandinn, það er að segja íslenska ríkið, sé rúinn trausti. Það segir reyndar sitt um forgangsröðun Vilhjálms að hann telji þetta einkum vera vandamál fyrir bankana – en hvað með alla aðra þjónustu við þegna landsins sem ríkinu hefur verið treyst fyrir? Heilsugæslu, menntun, almannatryggingar og félagslega kerfið? Ef ríkinu er ekki treystandi fyrir rekstri banka, hvernig getum við þá treyst henni fyrir öðrum verkefnum?

Íslensk stjórnvöld hafa ekki umboð fólksins í landinu. Helsta áhyggjuefni þeirra er hvernig tryggja megi að forysta stjórnmálaflokkanna og íslensk auðmannastétt bíði sem minnstan skaða af þjóðargjaldþrotinu. Þessi lýðræðisskortur er alvarlegri vandi en svo að það dugi að fá eitt lán frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, eða ganga í Evrópusambandið, taka upp evru eða skipta yfir í vinstristjórn í eitt eða tvö kjörtímabil. Engin þessara þrautarlendinga mun fáa okkur það sem okkur vantar helst: lýðræðislegt stjórnarfari – til þess er hið hið íslenska stjórnmála- og efnahagskerfi of samvaxið spillingunni, sérhagsmunagæslunni og samtryggingunni. Það mun fara aftur í sama farið innan fárra ára nema gripið verði til róttækra aðgerða.

Það er af þessum ástæðum sem við, óformlegur hópur ungs fólks, leggjum til að hið íslenska lýðveldi verði stofnað upp á nýtt! Þannig myndi skapast tækifæri til hreingerningar á meðal íslenskrar valda- og auðmannastéttar, hreingerningar sem er lífsnauðsyn til að eðlilegt samfélag geti þrifist hér, hvort sem er innan eða utan Evrópusambandsins, með eða án evru, undir vinstri- eða hægristjórn. Í yfirlýsingunni sem dreift hefur verið í eitt þúsund eintökum hér í dag er að finna hugmyndir okkar að nýju samfélagi, samfélagi sem grundvallist á réttlæti, jöfnuði og lýðræði – lýðræði sem er ekki forréttindi, heldur lífsnauðsyn.

Andspyrna fólksins mikilvægari en nokkru sinni

Við segjum: það eina sem hrífur nú er að almenningur í landinu taki völdin yfir stjórnkerfinu og auðlindunum, sem setið hafa áratugum saman í gíslingu sömu auðmanna og flokksforingja. Í kreppuástandi er þetta ennþá mikilvægara en ella, því það er hafið yfir allan vafa að valdastéttin er þegar byrjuð að leggja á ráðin um hvernig hún geti nýtt sér óvissuna og ráðleysið: Til dæmis til að einkavæða orkuauðlindirnar, heilbrigðiskerfið, og að sjálfsögðu bankana – í þetta sinn þannig að þeir rati alveg örugglega í réttar hendur. Það er einmitt í slíku upplausnarástandi sem valdastéttin notar tækifærið að koma í gegn óvinsælustu og umdeildustu stefnumálum sínum. Þá er andspyrna fólksins mikilvægari en nokkru sinni.

Reiði okkar er á suðupunkti. Valdhafar og auðmenn beita fyrir sig fjölmiðlunum – sem þeir að sjálfsögðu eiga – til að gera lítið úr reiði okkar og spila niður kraftinn og samstöðuna sem nú ríkir meðal landsmanna. Þannig er beinlínis logið að þeim sem ekki eiga heimangengt hingað niður á Austurvöll, logið um að hér sé hættulegur skríll á ferðinni. Hvers vegna eru valdhafar í áróðursstríði gegn fólkini í landinu? Það er vegna þess að þeir eru hræddir, loksins hræddir við fólk ið í landinu, fólk ið sem heita á að þeir vinni fyrir.

Með yfirlýsingunni um nýja lýðveldisstofnun orðum við róttæka kröfu okkar – kröfu sem má ekki slá á frest. Sá mikli efnahagsvandi sem Ísland stendur nú frammi fyrir verður byrði okkar kynslóðar sama hversu vel eða illa tekst til í lánagjörningum; en lárum það ekki henda okkur að eignir okkar verði í asa björgunaraðgerðanna settar á uppboð enn eina ferðina: líkt og kvótinn, líkt og bankarnir, líkt og hálandið.

Akkúrat núna er sögulegt tækifæri til að stokka spilin upp á nýtt, tækifæri sem kemur kanskí ekki aftur á meðan við lifum: Við sem þurfum að taka á okkur skuldirnar skulum ekki gefa neinn afslátt af kröfunni um að Íslandi framtíðarinnar verði loksins stýrt með hliðsjón af hagsmunum okkar: réttlæti í stjórnarfari, jöfnuði í samfélagit og, umfram allt, lýðræði án skilyrða.